

KKÍ Þjálfari 1.b

Námskeiðið er 40 kennslustundir sem kennt í fjarnámi milli þjálfara 1.a og 1.c. Í þessum hluta er farið ítarlega í leikreglur, mótafyrirkomulag KKÍ, sögu körfuknattleiks og unnið verkefni í tímaseðlagerð. KKÍ þjálfari 1.b gildir sem 35% af lokaeinkunn KKÍ þjálfara 1.

Leikreglur

Farið er í leikreglur með fyrirlestri á netinu. Þjálfarar þurfa svo að standast regluþróf sem er aðeins bóklegt og gildir 20% af einkunn í KKÍ þjálfara 1. Ef þjálfarar vilja einnig sækja sér dómaraþróf þarf að bæta við verklegu dómaraþrófi.

Mótafyrirkomulag KKÍ

Þjálfarar kynnast mótafyrirkomulagi með fyrirlestri á netinu. Þjálfarar þurfa að standast krossaþróf sem gildir 5% af lokaeinkunn KKÍ þjálfara 1.

Saga körfuknattleiks

Þjálfarar fá senda fyrirlestra um sögu körfuknattleiks. Þjálfarar þurfa að standast krossaþróf úr sögunni sem gildir 5% af heildareinkunn í KKÍ þjálfara 1.

Tímaseðill

Þjálfarar gera tímaseðil með FIBA Europe þjálfaraforritinu. Skila þarf inn tímaseðli fyrir 60 mínútna æfingu í minnibolta, á PDF skjali með tölvupósti á fræðslustjóra KKÍ. Verkefnið gildir 5% af lokaeinkunn KKÍ þjálfara 1.